

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2005

Nr. 394

660

20. apríl 2005

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.134.6, Holtsgötureitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 17. febrúar 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.134.6, sem afmarkast af Holtsgötu, Bræðraborgarstíg, Sólvallagötu og Vesturgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fossaleytnir.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossaleytni, varðandi göngustíg á lóðarmörkum Egilshallar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 17 og 19.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. desember 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 17 og 19 vegna stækkunar hússins á lóðinni nr. 19 við Borgartún og sameiningar lóðanna nr. 17 og 19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vatnagarðar 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 6. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnagarða 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. apríl 2005.

Helga Bragadóttir.